

**Ed.**

**137. Frumvarp til laga**

[119. mál]

um breyting á lögum nr. 101 28. desember 1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972, lög nr. 67/1974, lög nr. 3/1977, lög nr. 64/1977 og lög nr. 25/1980 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

**1. gr.**

3. og 4. málsliður 1. málsg. 18. gr. laganna orðist svo:

Fyrir réttindatíma til ársloka 1980 skal ellilífeyrir nema 1,8% nefndra tekna fyrir hvert réttindaár en makalífeyrir skal til sama tíma nema 5% að viðbættum 1% fyrir hvert réttindaár. Hafi sjóðfélagi áunnið sér meiri rétt samkvæmt ákvæðum I. kafla einstök réttindaár, skal þó miðað við þann rétt þau ár, og fyrir réttinda-tíma eftir árslok 1980 skal jafnan miðað við áunninn rétt hvert einstakt réttindaár eða meðaltal þriggja bestu árana ef um er að ræða tíma eftir að gjaldskyldu til sjóðsins er lokið.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Er lögin um Lífeyrissjóð bænda voru sett árið 1970 voru öldruðum bændum tryggð réttindi umfram það sem þeir ávinna sér með iðgjaldagreiðslum til sjóðsins, sbr. II. kafla laganna. Um skilyrði fyrir bótarétti og önnur ákvæði var höfð hliðsjón af ákvæðum laga um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum sem sett höfðu verið fyrr á sama ári. Sá veigamikli munur er þó á bótaákvæðum að réttindi aldraðra félaga í stéttarfélögum vegna tíma til ársloka 1969 miðast við launatekjur og eftir þann tíma við iðgjaldagreiðslur til hlutaðeigandi lífeyrissjóða, en réttinda-tíminn einn ræður nær undantekningarlaust þegar ákvarða skal greiðslur samkvæmt II. kafla laganna um Lífeyrissjóð bænda. Þótti eðlilegt að réttindi aldraðra bænda yrðu með þessum hætti, m. a. vegna þess að margir þeirra höfðu aðeins að litlu leyti notið góðs af þróun undanfarandi áratuga í átt til stærri búa og aukinnar framleiðslu. Á hinn bóginn leggur stjórn Lífeyrissjóðs bænda nú til, að regla þessi verði ekki látin gilda lengur en til ársloka 1980, þ. e. að réttindi sem menn ávinna sér eftir þann tíma miðist alfarið við iðgjaldagreiðslur til sjóðsins. Með breytingu þessari yrði dregið úr því misræmi er orðið getur milli lífeyrisréttinda manna sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr og öðlast rétt samkvæmt II. kafla laganna, og réttinda manna sem fæddir eru árið 1915 eða síðar og ávinna sér rétt einvörðungu í samræmi við iðgjaldagreiðslur samkvæmt I. kafla laganna.